



5. stjórnarfundur LH

Símafundur haldinn 23. janúar 2017 kl. 20:00

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Helga B. Helgadóttir, Eyþór Jón Gíslason, Ólafur Þórisson, Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn og Sóley Margeirsdóttir varamaður kom inn fyrir Andreu.

Fjarverandi: Andrea M. Þorvaldsdóttir, Ingimar Ingimarsson, Magnús Benediktsson, Rúnar Bragason og Stefán G. Ármannsson.

1. Dómarar á HM

Beiðni um styrk barst frá 2 dómurum, sem munu dæma á HM í Hollandi í sumar, um að LH greiði fyrir þá flugmiða, vegna fundar sem þeir eru að fara á í tengslum við mótið. Samþykkt.

2. Gangtegundaverkefni FEIF – staða

Búið er að yfirfara ensku útgáfuna og eru því báðar útgáfurnar, íslenska og enska, tilbúnar til prentunar. Hugmynd að LH haldi utanum verkefnið áfram og beiðni um prentun, sölu og yfirumsjón með þýðingum séu í höndum LH.

Búið er að fá opinbera styrki að upphæð 2 milljónum vegna verkefnisins, sem verða notaðar í að greiða útlagðan kostnað og til frekari kynningar.

Reynt verður að prenta nokkur eintök fyrir FEIF þingið til kynningar fyrir ráðstefnugesti.

Setja einnig á heimasíðu LH.

3. FEIF þingið; undirbúningur

Undirbúningsfundur fyrir þá sem fara á þingið haldinn fyrr í dag. Farið yfir tillögur og helstu málefni. Mikilvægt að mæta við upphaf þingsins til að nýta atkvæðisrétt okkar á aðalfundinum.

4. Starfsmannamál

Ganga frá ráðningarsamningum og starfslýsingum starfsmanna (HBH).

5. Önnur mál

- Boðsgestir á HM** - Fara yfir boðsgestalistann frá fyrri tíð og senda boð á þá sem bjóða skal (skrifstofa).
- Landsliðsstjóri á World Tölt** - Beiðni um að greiða fargjald og upphald fyrir Pál Braga vegna farar hans á WT. Vísað til landsliðsnefndar til umfjöllunar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20.50

Fundargerð ritaði Helga B. Helgadóttir